




Til hamingju með kaup þín á myPOS Mini Ice posanum

sem er byltingakennd, hreyfanleg og pappírslaus greiðsluvél sem tekur við kredit- og debetkortagreiðslum á öruggan hátt, á ferðinni!

Áður en þú byrjar að nota myPOS Mini Ice posann þinn skaltu vinsamlega skrá þig á www.mypos.com til að fá ókeypis rafeyrisreikning og til að virkja myPOS Mini Ice tækið.

Svona hefjumst við handa:



1. Hvernig skal taka við greiðslum

Ýttu á Greiðslur á heimaskjánum og sláðu inn upphæð. Ýttu á Áfram og settu kortið í raufina á botni posans, renndu því eða haltu kortinu eða snjallsímanum fyrir ofan NFC lesarann - eftir því hvernig kort viðskiptavinur þinn er með - til að vinna úr greiðslunni.

2. Hvernig skal ógilda færslu


Aðeins er hægt að ógilda síðustu greiðslu eða endurgreiðslu sem gerð var.

Ýttu á Greiðslur á heimaskjánum. Veldu Ógilda síðustu færslu í efra vinstra horninu í aðalvalmyndinni. Upplýsingar um síðustu greiðslu/endurgreiðslu sem fór í gegn koma upp. Smelltu á Staðfesta.



3. Hvernig skal gera endurgreiðslu

Ýttu á Greiðslur á heimaskjánum. Veldu Endurgreiðsla í efra vinstra horninu í aðalvalmyndinni. Sláðu inn upphæð og ýttu á Áfram. Settu kortið í raufina á botni posans, renndu því eða haltu kortinu eða snjallsímanum fyrir ofan NFC lesarann - eftir því hvernig kort viðskiptavinur þinn er með - til að vinna úr greiðslunni.



4. Hvernig skal gefa út afrit

Þegar færsla hefur verið samþykkt ferðu sjálfkrafa í Afrit valmyndina. Þar eru þrír valmöguleikar – að senda afrit með tölvupósti, með textaskilaboðum eða að hætta við afrit. Veldu Tölvupóstur takkann og sláðu inn tölvupóstfang viðskiptavinar til að senda afrit með tölvupósti. Veldu Textaskilaboð takkann og sláðu inn farsímanúmer viðskiptavinar til að senda rafafrit með textaskilaboðum. Veldu Hætta við takkann til að hætta við útgáfu afrits.

Vinsamlega athugaðu að myPOS Mini Ice er umhverfisvænn og pappírslaus. Ef þú vilt gefa viðskiptavinum þínum afrit fyrir færslur skaltu vinsamlega velja annan valkostinn hér að ofan – með textaskilaboðum eða tölvupósti.

5. Hvernig skal gera áfyllingu

Ýttu á Top-up á heimaskjánum. Sláðu inn farsímanúmer viðskiptavinar með landakóða. Ýttu á Áfram og veldu fjarskiptafyrirtæki. Sláðu inn eða veldu upphæð og ýttu á Áfram. Upplýsingar um áfyllinguna koma upp. Ýttu á Staðfesta.

6. Hvernig skal uppfæra POS hugbúnaðinn?

Það er ekkert mál! Þú færð tilkynningu þegar uppfærsla er fáanleg. Þá geturðu einfaldlega gert eftirfarandi:

Ýttu á Stillingar á heimaskjánum og veldu „Uppfæra hugbúnað“. Tækið mun þá sjálfkrafa leita að uppfærslum, hlaða þeim niður og setja þær upp. Ýttu á skjáinn til að slökkva á tækinu og kveiktu svo aftur á því. Njóttu breytinganna!

Þarftu meiri upplýsingar? Skoðaðu FAQ hlutann á www.mypos.com